

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Laugardalur – skipulags- og mannvirkjamál

A fundi borgarstjórnar þann 27. janúar 2022 var lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 27. janúar 2022, um tillögur starfshóps um skipulags- og mannvirkjamál í Laugardal, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti að vísa tillögum starfshópsins til umsagnar skipulags- og samgönguráðs, menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs og íbúaráðs Laugardals, auk þess sem þær verða kynntar á opnum íbúafundi borgarstjóra.

Óskað er eftir að umsögn berist borgarráði innan þriggja vikna.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

A umliðnum árum hafa komið fram fjölmargar hugmyndir um uppbyggingu í Laugardal, einkum í þágu íþróttar. Einnig hefur verið kallað eftir heildarsýn og heildarskipulagi fyrir dalinn. Í skýrslunni er gerð grein fyrir stöðu núverandi skipulags, fyrirkomulagi umferðar og áformum um að þjóna svæðinu vel með hágæða almenningssamgöngum, borgarlínu. Það sem ávarpað var í vinnunni voru umferðarmál, aukin græn svæði og almenningsrými, heildstætt göngustígakerfi, nýir gervigrasvellir og íþróttahús fyrir Prótt og Ármann. Þá er umhverfi Laugardalslaugar á leið í hugmyndasamkeppni, uppbygging fræðsluhúss í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, viðbyggingarmöguleikar við Skautahöllina og gert ráð fyrir nýju tennishúsi við hús TBR. Næstu skref er að senda þessar hugmyndir til umfjöllunar skipulags- og samgönguráðs, menningar- íþróttar- og tómstundaráðs, íbúaráðs Laugardals og verði þær jafnframt kynntar á íbúafundi borgarstjóra í Laugardalnum.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér eru reifaðar hugmyndir um íþróttauppbbyggingu í Laugardal sem full þörf er á að séu til lykta leidd. Í skjalinu er jafnframt farið inn á skipulags- og samgöngumál. Ekki er um fullmótaðar tillögur að ræða og því ekki hægt að samþykkja þær eins og málið er reifað. Mikilvægt er að fallið verði alfarið frá áformum um íbúðablokkir í Laugardal og dalurinn fái að vera griðarstaður íþróttar og útivistar um ókomna tíð. Laugardalurinn á að fá að vera í friði og njóta verndar fyrir þá starfsemi sem honum er ætlað. Ekki má með neinum hætti þrengja að Laugardalnum með blokkarbyggð eða óskyldri atvinnustarfsemi. Þá er brýnt að tryggja gott aðgengi að dalnum með góðum samgöngum fyrir alla fararmáta og forðast að þrengja þannig að umferð að hún fari í auknum mæli inn í íbúðahverfi.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Ég styð alla íþróttauppbbyggingu í Reykjavík. Laugardalurinn er eitt af flaggskipum borgarinnar hvað varðar græn svæði. Það er afleitt að blanda saman íþróttauppbbyggingu, umræðu um græn svæði og samgöngumál. Hér er verið að kynna stórfellda uppbyggingu við Suðurlandsbraut vegna borgarlínu á kostnað



Laugardalsins. Orðrétt segir í tillögunni: „Í tillögunum er mælt með því að endurskoða áform um uppbyggingu samfelldrar byggðar meðfram Suðurlandsbraut og bent á að hún geti farið vel á völdum afmörkuðum stöðum, s.s. við stöðvar borgarlínu.“ Hér er verið að stilla öllum upp við vegg. Loka á Engjavegi fyrir umferð sem þýðir það eitt að umferðin fer út í hverfin sem liggja að vellinum. Boðað er að taka eigi akreinar af Suðurlandsbrautinni vegna borgarlínu. Svæðið verður ein umferðarstappa. Ég mótmæli því harðlega að þessi mál séu sett fram sem sama tillagan sem hælkrókur á alla.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Starfshópur hefur skilað af sér skýrslu um skipulags- og mannvirkjamál í Laugardalnum. Eftir því er tekið að íbúar hafa ekki átt fulltrúa í þessum hóp sem ætti að vera aðalatriðið. Hér er verið að dila og víla um hvernig umhverfi á að vera þar sem margt fólk býr og hefðu fulltrúar íbúa átt að vera með frá byrjun. Öll vitum við hvernig samráðsmálin hafa gengið í borginni á kjörtímabilinu og hvernig meirihlutinn virðist leggja allt annan skilning í það hugtak en borgarbúinn. Ef horft er á hugmyndir hópsins er sýnt að ganga á nokkuð á græn svæði í dalnum og bílastæðum er fækkað verulega. Það mun útiloka stóran hóp fólks frá því að heimsækja dalinn. Fólk mun einnig leggja meira bílum sínum í nærliggjandi götur. Aðgengismálin eru almennt erfið, t.d. þrengsl í aðkomu að Grasagarðinum. Ýmist er talað um að taka reiti undir græn svæði að setja græn svæði undir byggingar. Það er ekki bæði haldið og sleppt, auka græn rými og byggja plássfrekar byggingar. Komið er inn á endurbætur stúkunnar en hún er mjög lítið notuð.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Samrit:
Skipulags- og samgönguráð
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Íbúaráð Laugardals

Hjálagt:
Tillaga borgarstjóra, ásamt fylgiskjöllum



Borgarráð

Laugardalur - skipulagsmál

Á umliðnum árum hafa komið fram fjölmargar hugmyndir um uppbyggingu í Laugardal, einkum í þágu íþróttar. Einnig hefur verið kallað eftir heildarsýn og heildarskipulagi fyrir dalinn. Til að undirbúa það verkefni var skipaður starfshópur um skipulags- og mannvirkjamál í Laugardal í febrúar 2021. Hann var undir forystu Björns Axelssonar skipulagsfulltrúa hefur skilað meðfylgjandi tillögum um heildarsýn fyrir skipulag Laugardals þar sem fjallað er um ýmsar framkomnar hugmyndir að uppbyggingu og gerðar eru tillögur að fyrirkomulagi og staðsetningu einstakra mannvirkja og þróun svæðisins.

Áhersla er lögð á að styrkja einkenni Laugardalsins og undirstrika hlutverk hans sem mikils útivistarsvæðis um leið og tryggð er framúrskarandi æfingaaðstaða fyrir börn og unglinga í hverfinu og undirstrikað að Laugardalurinn er miðstöð íþróttar á Íslandi.

Í tillögunum eru jafnframt útfærðar breytingar og flutningar á æfingasvæðum Þróttar sem samkomulag náðist um á sl ári í kjölfar uppbyggingar í þágu félagsins sem er að hefjast og hugmyndum um þjóðarleikvanga valinn staður á svæðinu.

Núverandi staða skipulags

Gerð er grein fyrir stöðu núverandi skipulags, fyrirkomulags umferðar og áforma um þjóna svæðinu vel með hágæða almenningssamgöngum, Borgarlínu.

Umferðarmál

Velt er upp þeim kosti að draga úr bílaumferð í gegnum dalinn. Í því skyni verði Engjavegur ekki lengur fyrir gegnumakstur.

Aukin græn almenningsskými

Gerðar eru tillögur um aukin græn almenningsskými, m.a. til útivistar.

Heildstætt stígakerfi

Gerðar eru tillögur um heildstætt stígakerfi. Einnig er minnt á hugmynd um undirgöng fyrir gangandi og hjólandi undir Reykjaveg.



Íþróttir barna- og unglinga, Þróttur og Ármann

Sýndar eru breytingar sem leiða af því að ákveðið hefur verið að fjárfesta í nýjum gervigrasvöllum til æfinga og keppni fyrir Þrótt, þar sem áður var svo kallaður Valbjarnarvöllur. Þessi áform eru full fjármögnuð af hálfu borgarinnar og hafa verið boðin út. Skv. samkomulagi við félagið verða þá æfingavellir þess við Suðurlandsbraut og TBR teknir undir annað, frjálsíþróttir annars vegar og almenningssvæði hins vegar.

Þjóðarleikvangar

Sýnt er fram á að rúma megi Þjóðarhöll, þjóðarleikvang í innanhúsiþróttum (m.a. handbolt og körfubolta) við hlið núverandi Laugardalshallar, upp að Suðurlandsbraut þar sem gengið yrði beint inn í hana úr stöð Borgarlínu. Austan frjálsíþróttahallar er staðsettur Þjóðarleikvangur í frjálsum íþróttum. Á svæði Laugardalsvallar er gert ráð fyrir þjóðarleikvangi í knattspyrnu. Ósamið er um fjármögnun þjóðarleikvanga milli ríkis og borgar.

Íþróttahús fyrir Þrótt og Ármann

Náist samningar milli ríkis og borgar og byggingur Þjóðarhallar gerir samkomulag Reykjavíkurborgar Þróttar og Ármanns frá mars 2021 ráð fyrir að félögin fái gömlu Laugardalshöllina til æfinga og keppni, uppgerða. Náist ekki samningar milli ríkis og borgar um Þjóðarhöll er sýnt fram á að nýtt hús fyrir félögin geti risið á bílastæðum við núverandi gervigrasvöll Þróttar, í samræmi við tillögur félaganna. Stefnt er að því að niðurstöður í málinu liggi fyrir síðar á þessu ári.

Laugardalslaug

Umhverfi Laugardalslaugar er á leið í hugmyndasamkeppni þar sem meðal annars verður hugað að notkun stúkunnar en endurbætur á henni og laugakeri eru löngu tímabærar.

Grasagarður og Fjölskyldugarður

Grasagarðinum er tryggður sess í hugmyndunum og gert ráð fyrir Fræðsluhúsi sem hefjast er bygging á í Fjölskyldu og húsdýragarðinum.

Skautahöllin

Gert er ráð fyrir viðbyggingarmöguleikum við Skautahöllina.

TBR

Gert er ráð fyrir nýju húsi fyrir tennis- og tengdar greinar við hús TBR og útivelli fyrir tennis.



Reykjavíkurborg

ÍSÍ og ÍBR

Byggingarmöguleikar eru sýndir við skrifstofur íþróttahreyfingarinnar.

Samfelld byggð við Suðurlandsbraut endurskoðuð

Í tillögunum er mælt með því að endurskoða áform um uppbyggingu samfelldrar byggðar meðfram Suðurlandsbraut og bent á að hún geti farið vel á völdum afmörkuðum stöðum, s.s. við stöðvar Borgarlínu.

Lagt er til að skipulagshugmyndir um Laugardal verði sendar til umfjöllunar í skipulags- og samgönguráði, menningar-, íþrótt- og tómstundaráði og íbúaráði Laugardals, auk þess sem þær verða kynntar á opnum íbúafundi borgarstjóra.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Borgarstjóri
Dagur B. Eggertsson

Ráðhúsinu

101 REYKJAVÍK


Efni:

***Heildarskipulag Laugardals og fyrirkomulag
íþróttamannvirkja í Laugardal - tilv.
R20110239***

Á fundi borgarráðs 19. nóvember 2020 var samþykkt eftirfarandi tillaga borgarstjóra:

Lagt er til að skipaður verði starfshópur til að fara yfir skipulags- og mannvirkjamál í Laugardalnum, endurbyggingar og hugsanlegar nýframkvæmdir og skoða vinnu vegna deiliskipulags Laugardalsins og heildarskipulag hans. Í hópnum verði sviðsstjórar umhverfis- og skipulagssviðs, skóla- og frístundasviðs og íþrótt- og tómstundasviðs ásamt skrifstofustjóra eignaskrifstofu og fulltrúa Íþróttabandalags Reykjavíkur. Samráð verði haft við viðkomandi félög, sérsambönd og samtök við skipulagsvinnuna ásamt íbúðaráði Laugardals þar sem fulltrúar íbúðasamtaka eiga einnig sæti.

Hjálagt fylgir greinargerð starfshóps um skipulags- og mannvirkjamál í Laugardal með ýmsum skipulagshugmyndum sbr. erindisbréf dags. 12.febrúar 2020.


Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi



LAUGARDALUR

Skipulagshugmyndir

Janúar 2022



TILURÐ OG MARKMIÐ


Í febrúar 2021 var skipað í starfshóp um skipulags- og mannvirkjamál í Laugardal. Ábyrgðarmaður: Borgarstjórinn í Reykjavík.

Fyrir liggja ýmsar tillögur, hugmyndir og gögn varðandi bætta íþróttaaðstöðu og aðra afþreyingu í Laugardal og er hlutverk hópsins að fara yfir skipulags- og mannvirkjamál í dalnum, nýtingu mannvirkja, endurbyggingar og hugsanlegar nýjar framkvæmdir og skoða vinnu vegna deiliskipulags Laugardalsins og heildarskipulagið.

Starfshópurinn skili tillögum að heildarsýn fyrir skipulag dalsins, geri tillögur um fyrirkomulag og staðsetningu einstakra mannvirkja en taki einnig mið af mikilvægri stöðu dalsins sem útivistarsvæði og tryggi aðgengi almennings og hverfisbúa að honum.


Áætlað var að starfshópurinn myndi skila niðurstöðu fyrir lok maí 2021 en hefur dregist fram yfir sumarleyfi og inn í haustið.

Í meðfylgjandi kynningu er farið stöðu mála í dalnum í heild sinni og einnig gerð grein fyrir skipulagslagslegri stöðu og framkomnum hugmyndum á hverjum reit fyrir sig.










AR2040 sem nú er í tillöguferli gerir ráð fyrir umbreytingu Suðurlandsbrautar í borgargötu með borgarlínu og tveimur borgarlínustöðum, annars vegar við Laugardalshöll og hins vegar við Glæsibæ/Orkureit. Í tengslum við það er gert ráð fyrir lágreistri byggð á opnu svæði við gatnamót Engjavegar og Suðurlandsbrautar auk þess sem gert er ráð fyrir mögulegri byggð meðfram Suðurlandsbraut Laugardalsmegin að gefnum ákveðnum skilyrðum.



Stöð við Laugardalshöll - frumdrög



Stöð við Laugardal - frumdrög



Borgarlína á Suðurlandsbraut kallar á ákveðna endurskoðun á umferðarflæði og stígatengingum sem og vandlega skoðun á þeim tækifærum sem felast í uppbyggingu við þær tvær borgarlínustöðvar sem gert er ráð fyrir í sitt hvorum enda dalsins.

Borgarlínustöð við Laugardalshöll býður upp á að hugmyndir um þjóðarhöll verði þróaðar að borgarlínustöð og þar jafnvel gert ráð fyrir framhaldsskóla með áherslu á íþróttir.


Borgarlínustöð við Glæsibæ/Orkuhúsreit býður ýmist upp á lágreista byggð (hámark 4-5 hæðir) eða jafnvel stofnun eða menningarstarfsemi sem nyti góðs af staðsetningu við borgarlínustöð. Nýlega hafa komið fram áform um uppbyggingu grænna þróunarleiða á reitnum.

UMFERÐ - NÚVERANDI ÁSTAND



Bílastæði eru fyrirferðarmikil í tengslum við íþróttamannvirki í vesturhluta dalsins. Í það heila eru þau þó lítið notuð og í raun einungis að hluta fyrir þau tilfelli sem þau voru hugsað fyrir, þ.e. þegar stórviðburðir eru í dalnum. Hluta stæðanna hefur verið lokað undanfarin ár þegar slíkir viðburðir eru til að koma í veg fyrir umferðarteppur í nærumhverfinu.

Engjavegur var hugsaður sem hægaksturgata í dalnum og kannski helst til að flýta fyrir rýmingu þegar stórviðburðir eru í dalnum. Raunin er að margir nota veginn til að „stytta“ sér leið og aka greitt í gegn. Oft hefur verið nefnt að loka á gegnumakstur í dalnum.




UMFERÐ - FRAMTÍÐARSÝN




- NÚVERANDI BÍLASTÆÐI
- BÍLASTÆÐI MED BREYTTRI VIRKNI
- BÍLAUMFERÐ
- FRAMTÍÐAR TENGINGAR
- NÚV. TENGINGAR



Gæti það verið falleg framtíðarsýn að sjá Laugardal sem bíllaust íþrótt- og útivistarsvæði? Þetta gæti gerst í skrefum þar sem fyrst yrði lokað á gegnumakstur um Engjaveg og svo skoðað hvort einhver hluti lítið notaðra bílastæða gætu umbreyst í græn almenningsrými.



SVÆÐISKIPTING



1. Tjaldsvæði, farfuglaheimili
2. Laugardalssundlaug og Laugar World Class
3. Núverandi kastæfingasvæði, Valbjarnarvöllur Þróttur æfingasvæði og Eimskipsvöllur
4. Bílastæði samsíða Reykjavegi frá Sundlaugavegi að Engjavegi, ásamt brettagarði
5. Laugardalsvöllur, alþjóðaleikvangur
6. Almenningsvæði í miðju dalsins, brekkan og "þríhyrningurinn"
7. Laugardalshöll, ÍBR og ÍSí svæði Íþrótt- og sýningarhöll
8. Skautahöllin og bílastæði
9. Grasagarðurinn og verkbækistöðvar
10. Fjölskyldu- og húsdýrgaður
11. Svæði við Suðurlandsbraut, fyrirhugaður frjálisíþróttavöllur og æfingasvæði fyrir kastæfingar
12. Opin svæði, almenningsvæði í austurenda Laugardalsins
13. KFUM svæðið
14. TBR svæðið
15. Horn Engjavegar og Suðurlandsbrautar


- | | |
|---|--------------------------|
|  | BORGARLINAN |
|  | NÚVERANDI BYGGINGAR |
|  | HUGMYNDIR AÐ NYBYGGINGUM |
|  | GILDANDI BYGGINGARREITIR |
|  | GRAS / GERVIGRAS |



Mikilvægt er að horfa til þess að almenningur eigi greiðan aðgang að dalnum og sem flestar leiðir verði færar milli svæða fyrir gangandi og hjólandi. Í tengslum við hrókeringar á svæðum innan dalsins er horft til þess að þríhyrnda grasflötin sunnan Þvottalauga verði aftur að almenningssvæði og tengist brekkunni ofan hans og trjágöngunum sem eru hryggjarstykki dalsins. Jafnframt verði skoðað hvort umbreyta megi einhverjum lítið notuðum bílastæðum fyrir græn almenningssvæði.

TJALDSVÆÐI OG FARFUGLAHEIMILI

Finna þarf langtímastæði fyrir húsbíla á öðrum stað í borginni. Ekki í Laugardalnum þar sem þeir blandast illa við hinn almenna ferðamann. Lagt til að halda svæðinu óbreyttu m.v. gildandi skipulag. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir mögulegri stækkun farfuglaheimilis.




	Svæði	43.000 m ²
	Núv. byggingar	1.850 m ²
	Byggingarreitir	964 m ²



LAUGARDALSLAUG OG LAUGAR WORLD CLASS

Til stendur að Laugardalslaug og nærumhverfið fari í hugmyndasamkeppni og jafnframt því tengt verða skoðaðir uppbyggingarmöguleikar norðan stúkunnar við laugina. Lagt er til að niðurstaða úr samkeppninni verði skoðuð í samhengi við skipulagsmál Laugardalsins, og hvort það kalli þá á breytingar. Bílastæði milli Lauga World Class og Laugardalsvallar þvera mikilvægan stíg sem liggur norður-suður meðfram Laugardalslaug, Laugum og stúku Laugardalsvallar. Viðskiptavinir og starfsfólk Lauga reyna að finna þar stæði sem framkallar óæskilegt hringsól og þverun stígsins í leit að stæðum og býr þannig til ákveðið öryggi gagnvart gangandi og hjólandi umferð.




	Svæði	46.128 m ²
	Núv. byggingar	8.377 m ²



NÚVERANDI KASTÆFINGASVÆÐI, VALBJARNARVÖLLUR ÞRÓTTUR ÆFINGASVÆÐI OG EIMSKIPSVÖLLUR

Nýlega var samþykkt skipulagsbreyting um æfingasvæði með tveimur gervigrasvöllum fyrir Þrótt á gamla Valbjarnarvöllum. Jafnframt eru hugmyndir uppi um að núverandi kastæfingasvæði norðan nýrra gervigrasvalla verði einnig grasæfingasvæði fyrir Þrótt, en það tengist hugmyndum um að koma Þjóðarleikvangi frjálsra íþrótta á núverandi æfingasvæði Þróttar við Suðurlandsbraut. Auk þess er eftir að botna umræðuna um tennisvöllina á svæðinu og hvort þar komi mögulega lítil bygging fyrir aðstöðu og áhorfendur sunnan gervigrasvalla. Skoða þarf og ræða þetta í heildarsamhengi í tengslum við aðstöðu frjálsra íþrótta við Suðurlandsbraut.

Hugmyndir hafa verið uppi um nýtt íþróttahús Þróttar og Ármanns á núverandi bílastæðum. Húsið myndi nýstast fyrir boltaíþróttir og skólaíþróttir. Þetta tengist þó hugmyndum um nýja Þjóðarhöll og hvort núverandi Laugardalshöll myndi taka við þessu hlutverki.




	Svæði	70.000 m ²
	Núv. byggingar	3.600 m ²
	Byggingarreitir	820 m ²
	Hugmyndir um byggingar	



BÍLASTÆÐI SAMSÍÐA REYKJAVEGI FRÁ SUNDLAUGAVEGI AÐ ENGJAVEGI, ÁSAMT BRET TAGARÐI

Mjög mörg bílastæði eru á þessu svæði sem nýtast Laugardalslaug, World Class Laugum, Laugardalsvelli og stórum viðburðum í Dalnum. Það verður þó að teljast þversagnarkennt að þessum stæðum er þó stundum lokað að hluta á stærstu viðburðum og áhorfendur hvattir til að nota almenningssamgöngur og virka samgöngumáta.

Það er gert til að koma í veg fyrir umferðarteppur í borgarhlutanum og stuðla að vistvænni samgöngum. Bent er þó á þann möguleika að umbreyta stæðum að hluta til í almenningssvæði til að auka hlutdeild slíkra svæða til móts við afgirt íþróttasvæði. Þar kemur t.d. til greina syðsti hluti þessara stæða, þ.e.a.s. ef ekki verður byggt íþróttahús á núverandi stæðum við Ármann og Þrótt/ Eimskipsvöll. Hluti af stærra máli sem er í sérfaravegi í viðræðum milli ríkis og borgar.




Svæði

43.000 m²




LAUGARDALSVÖLLUR

Hluti af stærra máli sem er í sérfarvegi í viðræðum milli ríkis og borgar. Eftir að taka afstöðu um skipulagsmál tengt þessu verkefni.



- Svæði 43.000 m²
- Hugmyndir um byggingar



ALMENNINGSSVÆÐI Í MIÐJU DALSINS, BREKKAN, 'ÞRÍHYRNINGURINN' OG TRJÁGÖNGIN


Ákveðið að sýna þríhyrninginn svokallaða sem hluta af almenningssvæði en hann hefur nýst sem æfingarsvæði fyrir Þrótt töluvert lengi. Það á eftir að botna þær viðræður við Þróttara en er í ákveðnum farvegi sem stendur. Mjög æskilegt að þessi viðbót verði í dalnum fyrir almenning sem opið svæði, dvalarsvæði, viðburðir o.fl. Minnt er á fyrri hugmyndir um útileikhús eða amfí-hvamm neðst í brekkunni ofan við Þvottalaugarnar. Þar hafa verið haldnir stórtónleikar sem rúmuðu þúsundir áhorfenda. Virkaði vel í því tilfalli nema varðar ónæði fyrir aðliggjandi íbúðarbyggð. Svæðið hentar betur fyrir minni viðburði eins og t.d. brúðuleikhús o.þ.h.



Drónamynd 2021



Deiliskipulag 1986



Svæði

43.000 m²



LAUGARDALSHÖLL, ÍBR OG ÍSÍ SVÆÐIÐ, ÍÞRÓTTA- OG SÝNINGARHÖLL


Lagt er til að skilgreina svæðið við Laugardalshöll og ÍSÍ sem þróunarreit fyrir uppbyggingu að Borgarlínustöð (sjá mynd). Auk þess eru sýndútlínur fyrir mögulega Þjóðarhöll skv. fyrirbyggjandi hugmyndum. Í gildi eru byggingarreitir vestan við Laugardalshöll og skrifstofur ÍSÍ. Nefndur hefur verið möguleiki á staðsetningu framhaldsskóla með áherslu á íþróttir. Minnt er á eldri hugmyndir um undirgöng fyrir gangandi og hjólandi undir Reykjaveg sem myndu vera opin í gegn og opna eins konar hlið inn í Laugardal og framlengja trjágangastíg Laugardals upp að gatnamótum Suðurlandsbrautar og Reykjavegar.



Tillaga 2012



Tillaga 2012



	Svæði	59.000 m ²
	Núv. byggingar	12.200 m ²
	Byggingarreitir	4.700 m ²
	Hugmyndir um byggingar	




SKAUTAHÖLLIN OG BÍLASTÆÐI

Hugmyndir eru uppi um stækkun fyrir Skautahöllina, á grassvæði norðan byggingar. Fjölnota hús fyrir skautatengda æfingar og afþreyingu. Einnig uppbyggingarmöguleikar til suðurs. Fyrirliggjandi eru drög að bættu skipulagi fyrir aðkomu fyrir rútur og stæði hreyfihamlaðra við aðkomutorg við trjágöngin og inngang í Húsdýragarðinn.



Framtíðarsýn stækkun skautahallar í Laugardal



	Svæði	20.000 m ²
	Núv. byggingar	3.600 m ²
	Hugmyndir um byggingar	




Framtíðarsýn stækkun skautahallar í Laugardal



GRASAGARÐURINN OG VERKBÆKISTÖÐVAR

Engin ákvörðun liggur fyrir um mögulegar skipulagsbreytingar á þessu svæði en ákveðið svæði er afmarkað fyrir verkbækistöð og lokað almenningi. Unnið er að því að auka upplifunartækifæri í Grasagarðinum.



	Svæði	95.000 m ²
	Núv. byggingar	3.200 m ²




FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRARGAÐUR

Fyrirliggjandi eru í deiliskipulagi byggingareitir fyrir fræðslu- og náttúruhús sem og starfsmannaðstöðu innan húsdýragarðsins. Unnið er að hönnun bygginganna auk stækkunar selalaugar.



Framtíðarsýn náttúruskóli í Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn



	Svæði	95.000 m ²
	Núv. byggingar	2.170 m ²
	Byggingarreitir	10.000 m ²
	Hugmyndir um byggingar	



SVÆÐI VIÐ SUÐURLANDSBRAUT, FYRIRHUGAÐUR FRJÁLSÍÞRÓTTAVÖLLUR OG ÆFINGASVÆÐI


Hugmyndir um að þjóðarleikvangur frjálsra íþrótta verði á núverandi æfingasvæði Þróttar meðfram Suðurlandsbraut með aðstöðuhúsi / áhorfendastúku og tilheyrandi upphitunar- og æfingasvæði austan þess. Landrými afmarkast af samgöngustíg norðaustan við skjólbelti við Suðurlandsbraut og Engjavegi.

Talsverð umræða um hvort núverandi stígar verði óbreyttir sem grænn kafli í stígakerfinu eða hvort t.d. hjólastígur fari upp að Suðurlandsbraut þegar hún umbreytist í borgargötu með tilkomu borgarlínu. Pælingar um að stækka svæðið fyrir völinn og stúku með því að færa stíginn. Rætt um hvort Engjavegur eigi að halda sér og hvort ekki eigi að gera ráð fyrir framlengingu Vegmúla inn í dalinn. Líkleg niðurstaða að Vegmúli framlengist ekki inn í dalinn samkvæmt gildandi skipulagi og að Engjavegi verði lokað fyrir gegnumumferð. Vegmúli



myndi fara illa saman með borgarlínustöð og gera samtengingu frjálsíþróttahallar og frjálsíþróttavallar erfiða.

Skoða þarf hvort aðstöðu- og stúkubygging fyrir fyrirhugaðan frjálsíþróttavöll myndi snúa til suðurs (stúka fyrir allt að 2000 manns samkvæmt alþjóðlegum kröfum og stöðlum). Bera þarf saman kosti og galla við mismunandi staðsetningu stúku m.t.t. til afstöðu til sólar og skjóls og hvernig hún leggst í landið. Skoða þarf snið og hæðarlegu.

Svæðið sem sýnt er fyrir æfinga- og upphitunarsvæði er hærra í landi en núverandi grasæfingasvæði og í raun á hæstu búngu dalsins. Líklegt er að æskilegt þyki að leikvangur og æfingasvæði verði í svipaðri hæð, en jarðvegsaðstæður og berggrunnur gætu kallað á málamiðlun í hæðarsetningum. Jafnframt þarf að skoða betur með stígana í nágrenni við borgarlínuna.




11
Svæði 50.000 m2
Hugmyndir um byggingar



OPIN SVÆÐI, ALMENNINGSSVÆÐI Í AUSTURENDA LAUGARDALSINS

Svæði fyrir frísbíggjolf „að láni“. Reitir sem gætu nýst í annað og/ eða opið grænt svæði fyrir almenningpar með frísbíggjolfi o.fl.

12




Svæði

6.700 m²



TBR SVÆÐIÐ

Búið er að setja inn hugmynd um stækkun bygginga á núverandi lóð TBR. Hugmyndir eru um að færa útivelli fyrir tennis sem eru í miðju dalsins á svæðið þar sem nú eru grasæfingavellir fyrir Þrótt norðan TBR húss. Skv. viljayfirlýsingu borgarinnar og Þróttar og Ármanns frá mars 2021 þá afsalar Þróttur sér þessu svæði þegar framkvæmdum lýkur við nýja gervigrasvelli á gamla Valbjarnarvelli.




	Svæði	18.500 m ²
	Núv. byggingar	3.000 m ²
	Hugmyndir um byggingar	



KFUM SVÆÐIÐ

„Brúum bilið“ hugmyndir eru uppi og viðræður við KFUM á lóðinni. Þörf er leikskólaplássi á svæðinu og þetta svæði er til skoðunar eða á grænum reit á borgarlandi sunnan við lóð Langholtsskóla. Ekki liggja fyrir nánari framtíðaráform KFUM.



	Svæði	20.000 m ²
	Núv. byggingar	1.300 m ²
	Byggingarreitir	1.000 m ²



HORN ENGJAVEGAR OG SUÐURLANDSBRAUTAR


Svæðið fellur undir reit M15 (Glæsibær) sem borgarhlutakjarni í AR2040 sem er í tillöguferli.

Fjölbreytt verslun, m.a. sérvöruverslun og þjónusta og starfsemi sem þjónar heilum borgarhluta. Verslun og þjónusta, skrifstofur, stofnanir, afþreying og íbúðir, einkum á efri hæðum bygginga.

Áform eru um uppbyggingu grænna þróunarlóða á reitnum í takt við græna ásjúnd Laugardals. Mikilvægt er að hugsa fyrir framlengingu trjágangastígsins alveg upp að Borgarlínustöð.



Aðalskipulag 2040



15

Svæði 29.000 m²
Hugmyndir um byggingar




Deiliskipulagstillaga Orkureitsins




SUÐURLANDSBRAUT

Svæðið fellur undir reit M2g í AR2040. Skynsamlegt getur verið að endurskoða samfellda byggð norðan við Suðurlandsbraut sem leyfð er í aðalskipulagi en stefna fyrst og fremst að afmarkaðri uppbyggingu í tenglum við Borgarlínustöðvar. Útfærslan haldist í hendur við umbreytingu Suðurlandsbrautar í tengslum við Borgarlínu. Á svæði M2g er gert ráð fyrir blöndu verslunar, þjónustu, skrifstofa og íbúða. Lágreist byggð (2–4 hæðir) sem fellur að götumynd Suðurlandsbrautar og með opnum sjónásum til dalsins. Mögulegt byggingarsvæði er háð því að Suðurlandsbraut verði endurhönnuð og skal miða við að ekki verði gengið á græn útivistar- og íþróttasvæði í Laugardalnum. Ljóst er að svæðið er mjög krefjandi í útfærslu vegna þrengsla, hæðarmunar, aðliggjandi skjólbeltis og stofnstígs. Mikil umhverfissvæði felast í trjábeltinu meðfram Suðurlandsbraut og stígum í skjóli þess.



Aðalskipulag 2040



Svæði

5.000 m2

